

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 2004

18. maí 2004

1091

Nr. 438

AUGLÝSING

um deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag við Ólafsvelli og Blómsturvelli á Stokkseyri.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 15. janúar 2003 tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð við Ólafsvelli og Blómsturvelli á Stokkseyri.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000/1:1250 þann 2. júlí 2002 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 25. september 2002 til og með 23. október 2002 með athugasemdafresti til og með 6. nóvember 2002.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 18. maí 2004.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

12. maí 2004

Nr. 439

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Valla, 2. áfanga“ í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að fjölbýlishúsareit milli Ásbrautar, Engja-, Dreka- og Fléttuvalla er breytt á þá lund að í stað 6 lóða verða 10 lóðir á reitnum og heildarfjöldi íbúða lækkar úr 238-269 í 227-238 íbúðir. Hæðir húsanna verða frá 3 upp í 8 hæðir.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn 6. apríl 2004.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin öðlast gildi nú þegar.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 12. maí 2004.

F.h. skipulags- og byggingarfulltrúa,

Lilja Grétarsdóttir.